

Mánudaginn 26. febrúar 1973.

Nr. 132/1971: Bjarni Bender og

Ingi B. Ársælsson

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Hljómsveit Guðjóns Pálssonar:

Guðjóni Pálssyni

Ómari Axelssyni

Guðjóni Inga Sigurðssyni

Eyþóri Þorlákssyni og

Sigurbjörgu Sveinsdóttur

(Sigurður Reynir Pétursson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Ömerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1971. Krefjast þeir sýknu af kröfu stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Munnlegur málflutningur í máli þessu fór fram í héraði hinn 18. marz 1971, og var málið þá tekið til dóms. Næst þingaði héraðsdómari í málinu 14. júlí 1971, og er þá fært til bókar: „Mál þetta, sem dómtekið var 18. marz s.l., er nú endurupptekið til munnlegs flutnings að nýju, þar sem efnisdómur hefur eigi enn verið á það lagður.

(Af hálfu stefnanda sækir þing Hörður Einarsson, hrl., en af hálfu hinna stefndu Þorvaldur Lúðvíksson, hrl.

Lögmönnum málsaðilja er gefinn kostur á að flytja málið að nýju, en þeir vísuðu til fyrri málflutnings og ítrekuðu gerðar dómkröfur og lögðu málið í dóm, enda taldi dómarrinn ekki þörf á endurflutningi málsins sín vegna.“ Var dómur síðan kveðinn upp sama dag.

Samkvæmt þessu hafa liðið tæpir 4 mánuðir frá munnlegum málflutningi, þar til dómur var upp kveðinn.

Með þessum drætti á dómsuppsögu hefur héraðsdómari freklega brotið fyrirmæli 191. gr. laga nr. 85/1936, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlað, þá er dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að ómerkja dóm og málsmeðferð frá og með þinghaldi 18. marz 1971 og skylda dómara til að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju..

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Meðferð máls þessa í héraði frá og með þinghaldi 18. marz 1971 og héraðsdómur eiga að vera ómerk, og ber héraðsdómara að taka málið upp af nýju til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Guðjón Pálsson hljóðfæraleikari, Bókhöðustíg 8, Reykjavík, f. h. hljómsveitar Guðjóns Pálssonar höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefni 12. janúar 1968, á hendur Bjarna Bender veitingamanni, Skipasundi 15, og Inga B. Ársælssyni veitingamanni, Ljósheimum 18, báðum í Reykjavík, til þess að þeir verði in solidum persónulega og vegna einkafyrirtækis síns, Leikhúskjallarans, Þjóðleikhúsinu við Hverfisgötu, einnig í Reykjavík, dæmdir til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 275.790.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 197.600.00 frá 15. september 1967 til útgáfudags stefnu þessarar, 12. janúar 1968, og af kr. 275.790.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt aukatækjulögum og lágmarksgjald L. M. F. Í.

Af hálfu hinna stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og stefnanda dæmt að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Málavöxtum er lýst í stefnu á þessa leið:

„Frá 1. maí 1967 var hljómsveit Guðjóns Pálssonar, sem skipuð

var hljóðfæraleikurunum Guðjóni Pálssyni, hljómsveitarstjóra, Ómari Axelssyni, Guðjóni Inga Sigurðssyni, Eypóri Þorlákssyni og Sigurbjörgu Sveinsdóttur, söngkonu, ráðin til hljóðfæraleiks í veitingastaðnum Leikhúskjallaranum, einkafyrirtæki stefndu. Meðlimir hljómsveitarinnar sögðu allir upp föstum störfum við hljóðfæraleik í öðrum veitingahúsum, þegar þeir réðu sig til Leikhúskjallarans. Ráðningarkjörin voru þau, að laun hljómsveitarinnar skyldu vera kr. 1.235.00 á klukkustund (að meðtöldu orlofi o. fl.) og hljómsveitinni tryggð a. m. k. 17 klukkustunda vinna á viku, sem innt skyldi af hendi á fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöldum. Kauptrygging hljómsveitarinnar varð þannig kr. 20.995.00 á viku. Ráðningartímabilið var 6 mánuðir, þ. e. frá 1. maí til 1. nóvember 1967. Ráðningarsamningurinn var munnlegur. Um mánaðamót maí - júní 1967 skýra stefndu hljómsveitarstjóranum frá því, að verið geti, að þeir verði að loka veitingastaðnum um smátíma á næstunni, þar sem heilbrigðis-yfirvöld hafi krafizt breytinga á salernum hússins. Stefndu kváðust þó ætla að reyna að komast hjá lokun með því að láta vinna að viðgerðum í áföngum fyrri hluta viku, enda væri rekstrarstöðvun ákaflega óheppileg fyrir þá. Ef til lokunar kæmi, sögðu stefndu útilokað, að hún stæði lengur en 1 mánuð, og jafnframt tóku þeir skýrt fram, að hljómsveitin mundi fá sitt kaup, meðan á lokuninni stæði, enda vildu þeir umfram allt halda hljómsveitinni. Síðan er ekkert á þetta efni minnzt fyrr en um það bil einni viku fyrir mánaðamótin júní - júlí 1967, en þá skýra stefndu frá því, að húsinu verði lokað um mánaðartíma, þ. e. júlímánuð, vegna fyrrnefndra breytinga. Færa stefndu það nú í tal við hljómsveitarstjóran, hvort hljómsveit hans mundi fáanleg til að leika á héraðsmótum Framsóknarflokksins á Austurlandi í júlímánuði. Meðlimir hljómsveitarinnar voru tregir til að takast á hendur slíka ferð, en féllust þó á það til þess að létta undir með stefndu. Af þessu varð þó ekki, þar sem stefndu tókst ekki að fá þessa vinnu fyrir hljómsveitina. Gerði stefndi Bjarni þá tilraun til að fá vinnu fyrir hljómsveitina á Hótel Sögu í júlímánuði, en hóteltstjórinn, Konráð Guðmundsson, kvaðst ekki hafa þörf fyrir aðra hljómsveit fyrr en í ágústmánuði, þegar hin fastráðna hljómsveit Hótel Sögu færi í sumarleyfi. En stefndi Bjarni sagði það vera of seint, því að þá yrði búið að opna Leikhúskjallarann aftur. Eftir helgina 1.-2. júlí 1967 var Leikhúskjallaranum lokað vegna fyrirhugaðra viðgerða, og átti húsið þá að vera lokað júlímánuð, eins og fyrr segir. Í þau skipti, sem hljómsveitarstjórinn kom að máli við

stefnda Bjarna í júlímánuði út af kaupgreiðslum til hljómsveitarinnar, gerði Bjarni mikið úr erfiðleikum, sem stefndu ættu í vegna rekstrarstöðvunarinnar, en hafði við orð, að úr þeim mundi rakna, strax og húsið yrði opnað aftur. Fékk hljómsveitin engin laun greidd, eftir að Leikhúskjallaranum var lokað í byrjun júlímánaðar. Þegar hljómsveitarstjórinn hafði samband við stefnda Bjarna í lok júlímánaðar, tjáði Bjarni honum, að Leikhúskjallarinn yrði ekki opnaður aftur fyrstu helgina í ágúst, eins og ráðgert hafði verið, heldur næstu helgi þar á eftir. Svo fór þó, að veitingahúsið var ekki opnað þá helgi heldur, og var opnun hússins þannig frestað frá einni viku til annarrar, þar til það loks var opnað aftur um aðra helgi í september. Þegar nokkuð var komið fram í ágústmánuð og rekstur Leikhúskjallarans hófst ekki að nýju, tók hljómsveitarstjórinn að ganga harðar eftir vinnulaunaskuld stefndu við hljómsveitina og fékk í lið með sér starfsmann Félags íslenzkra hljóðfæraleikara, Sverri Garðarsson. Varð stefndi Ingi nú aðallega í fyrirsvari fyrir stefndu, og varð brátt ljóst, að hann ætlaði að reyna að komast hjá greiðslum með alls kyns undanbrögðum. Náði hann lengzt í glæsilegri rökfimi sinni, þegar hann studdi synjun sína um greiðslu með þeim „rökum“, að honum hefði ekki dottið annað í hug en meðlimir hljómsveitarinnar færu á síld, á meðan Leikhúskjallarinn væri lokaður. Þegar að því leið, að Leikhúskjallarinn opnaði aftur á s.l. hausti, og stefndu ræddu við hljómsveitarstjóran um leik hljómsveitar hans í Leikhúskjallaranum það, sem eftir væri ráðningartímans, skýrði stefndi Ingi frá því, að stefndu yrðu nú að gera þá breytingu á rekstri sínum að hafa veitingahúsið opið aðeins tvö kvöld í viku, og lét hann á sér skilja, að stefndu væru ekki lengur sjálfráðir um rekstur fyrirtækis síns. Af þessum ástæðum vildu stefndu nú afnema umsamda kauptryggingu hljómsveitarinnar og greiða henni einungis eftir raunverulegum vinnustundafjölda. Meðlimir hljómsveitarinnar töldu sér ekki fært að fallast á þessa kauplækkun, og á fundi hljómsveitarstjórans og Sverris Garðarssonar, starfsmanns F. Í. H., með stefndu gerði hljómsveitarstjórinn stefndu það tilboð, að hljómsveit hans léki í Leikhúskjallaranum út septembermánuð, en leystu stefndu síðan frá ráðningarsamningnum og kjör hljómsveitarinnar væru óbreytt þennan eina mánuð. Kveður hljómsveitarstjórinn sér hafa skilizt, að stefndu samþykktu þetta tilboð, enda hafi þeir ekki hreyft neinum athugasemdum. Hóf hljómsveitin síðan á ný leik í Leikhúskjallaranum um aðra helgi í september. Þegar kom til greiðslu launa fyrir

fyrstu vikuna (4. - 10. september), neituðu stefndu að greiða meira en nam launum fyrir unnar vinnustundir (13½ klukkustund), samtals kr. 16.672.50. Vegna þessara vanefnda tilkynnti Félag íslenzkra hljóðfæraleikara f. h. hljómsveitarinnar stefndu með bréfi, dags. 15. september 1967, að hljómsveitin mundi hætta störfum í Leikhúskjallaranum frá og með 21. september 1967 jafnframt því sem félagið krafði stefndu um vangoldin vinnulaun hljómsveitarinnar, þá kr. 197.600.00, og áskildi hljómsveitinni jafnframt rétt til skaðabóta vegna vanefnda stefndu. Fyrir vinnuvikuna 11. - 17. september greiddu stefndu hljómsveitinni laun á sama hátt og vikuna þar á undan, kr. 16.672.50. Eftir að hljómsveitin sagði upp starfi sínu hjá stefndu, fóru fram samkomulagsviðræður á milli aðilanna, meðal annars með þátttöku fulltrúa F. Í. H. og lögmanns stefndu, en þær viðræður báru engan árangur. Til stóð, að F. Í. H. efndi til verkfalls hjá stefndu, en frá því ráði var horfið, þar sem ágreiningsefni aðilanna í máli þessu mun naumast geta talizt vinnudeila í merkingu laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur. Hljómsveitin lagði niður störf hjá stefndu frá og með 21. september 1967, og leystist hljómsveitin þá upp.“

Af hálfu hinna stefndu er skýrt svo frá málavöxtum í greinargerð, að í marz - apríl 1967 hafi Guðjón Pálsson komið að máli við þá og falað vinnu í Þjóðleikhúskjallaranum fyrir hljómsveit sína. Hafi það orðið að samkomulagi, að hann gæti fengið vinnu þar fyrir hljómsveitina frá 1. maí. Jafnframt hafi honum verið tjáð, að Þjóðleikhúskjallaranum yrði lokað um mánaðamótin júní-júlí vegna viðgerða og breytinga á húsnæðinu, en viðgerð sú tæki eigi skemmri tíma en mánuð. Hafi orðið að samkomulagi, að hljómsveitin tæki eigi laun fyrir þann tíma, er lokað yrði. Ekki hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur. Hinir stefndu kveða viðgerðina hafa tekið lengri tíma en ætlað hafi verið og hafi eigi verið opnað aftur fyrr en viku af september. Nokkrum dögum áður hafi stefnandi komið að máli við þá og krafizt launa fyrir tímabil það, sem lokað hafi verið. Hafi því umsvifalaust verið hafnað. Hljómsveitin hafi eigi að síður hafið störf, er opnað hafi verið aftur, og unnið í hálfan mánuð og fengið kaup sitt skilvíslega greitt sem alltaf áður. Hafi hún að þeim tíma liðnum horfið frá störfum.

Aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur hafa farið fram í máli þessu.

Stefnandi, Guðjón Pálsson, hefur skýrt svo frá, er hann kom fyrir dóm í máli þessu, að eins og fram komi í málavaxtalýsing-

unni, hafi verið samið um ákveðna upphæð á klukkustund og ákveðna kauptryggingu á viku, en þessi samningur byggðist ekki á samningi Félags íslenzkra hljóðfæraleikara og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda (S. V. G.). Tekur hann fram, að það sé aðeins tímakaupið, sem ekki sé í samræmi við áðurgreindan samning, en að öðru leyti sé hann í samræmi við hann.

Guðjón segir, að hljómsveitarmeðlimir hafi ekkert unnið júlímánuð 1967 og ágústmánuð, eða þar til opnað var aftur, nema þeir, sem áður höfðu unnið aðra vinnu jafnhliða hljóðfæraleiknum. Segir hann það vera aðeins tvo menn úr hljómsveitinni, sem haft hafi fasta vinnu með, en þeir séu Guðjón Ingi Sigurðsson og Ómar Axelsson. Vinni Ómar skrifstofustörf hjá Flugfélagi Íslands h/f, en Guðjón Ingi vinni við trésmíðar. Stefnandi, Guðjón, kveðst ekki kannast við, að samkomulag hafi verið um, að hljómsveitin tæki ekki laun fyrir júlímánuð, meðan veitingahúsinu var lokað. Kveðst hann ekki hafa heyrt það, fyrr en hann hafi séð það í greinargerð stefndu. Þá segir hann og, að fram að þeim tíma, sem Leikhúskjallaranum var lokað, hafi hljómsveitin alltaf fengið greiðslu, sem miðuð hafi verið við 17 tíma á viku, og hafi þeir fengið greitt fyrir meira, hafi þeir unnið lengri tíma. Þá segir hann og, að þegar komið hafi til tals, að hljómsveitin léki á héraðsmótum Framsóknarflokksins á Austurlandi í júlímánuði, hafi ætlunin verið sú, að þær greiðslur, sem hljómsveitin fengi fyrir það starf, gengju upp í kaupgreiðslur frá stefndu fyrir júlímánuð. Stefnandi, Guðjón, segir, að hljómsveitin hafi ráðið sig til stefndu síðast í marzmánuði 1967, þar sem þeir hafi þurft að segja upp starfi sínu hjá þeim, þar sem þeir unnu áður, með mánaðarfyrirvara. Kveðst hann hafa spurt stefndu um það, hvort veitingastaðurinn ætti að vera opinn allt sumarið, og hafi þeir sagt svo vera, það er að segja Bjarni Bender, og hafi hann sagt, að ætlunin væri að reka skemmtistaðinn með skemmtikröftum allt sumarið. Kveður stefnandi þetta hafa verið forsendur fyrir því, að þeir stefnendurnir fóru úr öðru starfi og réðu sig hjá hinum stefndu. Guðjón kveðst hafa starfað sem hljómsveitarstjóri á Hótel Borg næst áður en hann réð sig til stefndu og hafi þeir Guðjón Ingi og Ómar Axelsson verið með sér í hljómsveitinni á Hótel Borg. Stefnandi, Guðjón, kveðst hafa byrjað að starfa hjá Loftleiðum hinn 1. október 1967, og kveður hann tekjur sínar hjá Loftleiðum frá 1. október 1967 til nóvember sama ár vera innifaldar í tölu-lið 3 b á bls. 3 í stefnu.

Sigurbjörg Sveinsdóttir, ein af stefnendum, hefur skýrt svo frá

fyrir dómi, að hún hafi ekki haft nein afskipti af samningsgerð, þegar hljómsveit stefnanda var ráðin til hinna stefndu í Þjóðleikhúskjallarann, en hún segir, að sér hafi skilizt, að hljómsveitin væri fastráðin til 6 mánaða með ákveðinni 17 stunda vinnutryggingu á viku. Hún kveðst ekki hafa verið viðstödd samningsgerð þá, sem um ræðir í máli þessu, og kveðst hún hafa sínar upplýsingar um það, hvernig samið hafi verið, frá hljómsveitarstjóranum. Hún segir hljómsveitarstjóranum ekki hafa minnzt á það, að til stæði, að lokað yrði Leikhúskjallaranum, fyrr en rétt áður en það var gert, og hafi hann þá ekki vitað, hversu lengi það yrði. Telur hún, að talað hafi verið um, að það yrði í allra lengsta lagi 1 mánuð, sem lokað yrði. Hún kveður meðlimi hljómsveitarinnar hafa alltaf verið til staðar og hafi þeir verið tilbúnir að hefja vinnu á ný, þegar opnað yrði. Þá kveður Sigurbjörg hljómsveitarstjóranum hafa haft það eftir hinum stefndu, að hljómsveitin fengi kaup, meðan lokað væri.

Eypór Þorláksson, einn af stefnendum, hefur skýrt svo frá, er hann kom fyrir dóm í máli þessu, að hann hafi ekki haft nein afskipti af samningsgerð, þegar hljómsveit stefnanda var ráðin til hinna stefndu í Leikhúskjallarann og ekki heldur hafa verið viðstaddur, þegar samningar fóru fram. Hann kveður hljómsveitarstjóranum hafa skýrt sér frá því, að hljómsveitin væri ráðin til 6 mánaða með 17 stunda vinnutryggingu á viku. Kveður hann trygginguna hafa verið bundna við ákveðna daga vikunnar, þ. e. fimmtudaga frá kl. 2000—2330, föstudaga frá kl. 2000—0100, laugardaga frá kl. 2000—0100 og sunnudaga frá kl. 2000—2330. Eypór kveður hljómsveitarstjóranum ekki hafa minnzt á það við sig, að til stæði, að Leikhúskjallaranum yrði lokað á ráðningartímanum vegna lagfæringa. Kveðst hann hafa fært það í tal við hljómsveitarstjóranum að fá mánaðarfrí á samningstímanum, enn hann hafi ekki séð sér fært að veita það. Eypór kveður það hafa verið hinn 30. júní 1967, sem hljómsveitarstjórinn hafi tilkynnt þeim í hljómsveitinni, að veitingastaðnum yrði lokað um sinn vegna lagfæringa. Segir hann, að stefndi Bjarni hafi þetta sama kvöld tilkynnt hljómsveitarstjóranum þessa ákvörðun, en eigi getað sagt með vissu, hversu lengi lokað yrði, þar sem þeir hefðu ekki með framkvæmdirnar að gera, kannski yrði það hálfur mánuður, kannski maðnuður, en þó ekki gert ráð fyrir, að það yrði lengra en einn mánuður. Segir Eypór, að hljómsveitarstjórinn hafi tilkynnt þeim í hljómsveitinni um leið eftir stefnda Bjarna, að hljómsveitin fengi kauptrygginguna greidda fyrir þann tíma, sem lok-

að væri. Eypór kveðst hafa verið til staðar allan tímann, meðan lokað var, og ekki farið neitt burtu né heldur unnið annars staðar á meðan. Kveðst hann hafa byrjað aftur að vinna, þegar Leikhúskjallarin var opnaður aftur hinn 8. september 1967 og unnið þar til og með 17. september sama ár, þegar hljómsveitin hætti í Leikhúskjallaranum. Kveðst hann síðan ekkert hafa unnið að hljóðfæraleik fram til áramóta 1967—1968, er hann byrjaði að leika á Hótel Borg. Á þessu tímabili kveðst hann líttillega hafa fengist við kennzlu, einnig á meðan hann var starfandi í Leikhúskjallaranum.

Guðjón Ingi Sigurðsson, einn af stefnendum, hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu, að hann hafi ekki verið viðstaddur samningsgerð þá, sem um ræðir í málinu. Hins vegar kveðst hann hafa þær upplýsingar frá hljómsveitarstjóranum, að hljómsveitin hafi verið ráðin með 17 vinnustunda tryggingu á viku, sem bundin hafi verið við fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld. Guðjón Ingi kveður, að hljómsveitarstjórinn hafi alls ekki minnst á það, að Leikhúskjallaranum mundi lokað um tíma umrætt sumar 1967, þvert á móti hafi verið um það rætt, að haldið yrði áfram á fullum krafti með skemmtiatriði ráðningartímabilið, en hann kveður það hafa verið 6 mánuði. Guðjón kveður hljómsveitarstjóran hafa tilkynnt hljómsveitinni þann 30. júní 1967, að Leikhúskjallaranum yrði lokað um tíma vegna lagfæringa, og hafi verið talað um, að það yrði aðeins mjög stuttur tími, sem lokað yrði af þessum ástæðum. Hann telur, að hljómsveitarstjórinn hafi ekki vitað um þessa lokun, fyrr en um leið og hann tilkynnti það hljómsveitinni. Segir Guðjón, að talað hafi verið um, að trygging yrði greidd, á meðan á lokuninni stæði, samkvæmt því, sem hljómsveitarstjórinn hafði tilkynnt hljómsveitinni. Allan þann tíma, sem Þjóðleikhúskjallaranum var lokað, eða rúma tvo mánuði, að mætti telur, kveðst hann hafa verið til staðar hér í bænum og aldrei farið neitt burtu í lengri tíma. Hann kveðst hafa byrjað að starfa í hljómsveit á Hótel Sögu hinn 1. október 1967, eftir að hann hafi hætt störfum í Leikhúskjallaranum.

Ómar Axelsson, einn af stefnendum, hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu, að hann hafi verið starfandi í hljómsveit Guðjóns Pálssonar sumarið 1967, eða á þeim tíma, sem um ræðir í máli þessu, en kveðst ekki hafa verið viðstaddur samningsgerð við forráðamenn Leikhúskjallarans. Hann kveður hljómsveitarstjóran hafa tjáð sér, að samið væri um 17 vinnustunda tryggingu á viku, bundna við fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og

sunnudagskvöld. Minnizt Ómar þess ekki, að hljómsveitarstjórinn gæti þess neitt í upphafi, að lokað yrði á sumrinu, en hinn 30. júní hafi hann skýrt þeim hljómsveitarmönnum frá því, að lokað yrði um tíma vegna lagfæringa, og kveðst hann telja, að hljómsveitarstjórinn hafi ekki vitað það fyrr en ákveðið var, að svo yrði gert. Segir hann, talað hafi verið um, að lokað yrði í mánuð eða jafnvel styttri tíma. Ómar segir, að þeim hljómsveitarmönnum hafi verið sagt, að þeir yrðu á kaupi, meðan lokað yrði. Hann segir, að liðin muni hafa verið vika af septembermánuði, þegar hljómsveitin byrjaði að leika á ný í Leikhúskjallaranum. Kveðst hann hafa verið til staðar í bænum allan þann tíma og hafa ekkert unnið annað í millitíðinni, þ. e. a. s. nein önnur aukastörf, en hann kveðst alltaf hafa verið í föstu starfi sem skrifstofumaður með hljóðfæraleiknum. Ómar kveðst ekki hafa fengið starf sem hljómlistarmaður aftur fyrr en í nóvember 1967 og þá aðeins einu sinni í viku. Hann segir, að talað hafi verið um, að ráðningartími hljómsveitarinnar væri 6 mánuðir.

Vitnið Sverrir Garðarsson hljómlistarmaður hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu, að það hafi verið um mitt sumar 1967, að Guðjón Pálsson, hljómsveitarstjóri í Þjóðleikhúskjallaranum, hafi komið til sín og tjáð sér, að búið væri að loka honum, og kveður vitnið Guðjón hafa sagt sér, að stöðvaðar hefðu verið launagreiðslur hljómsveitarinnar um líkt leyti og þyrfti hann því aðstoðar í sambandi við innheimtu launanna. Vitnið segir, að er það hafi farið að inna Guðjón eftir því, hvernig samið hefði verið, þá hafi Guðjón sagt sér, að hljómsveitin hefði verið ráðinn frá 1. maí 1967 til 1. nóvember 1967, og segir vitnið, að sér hafi skilzist, að það hafi verið ákveðið til að byrja með. Vitnið segir, að hljómsveitin hafi haft 17 tíma tryggingu á viku, en um það bil mánuði eftir að þeir hafi byrjað að leika, eða um 1. júní 1967, hafi veitingamennirnir tjáð hljómsveitinni, að það gæti orðið um mánaðarstopp vegna lagfæringa á salernum Þjóðleikhússins. Vitnið kveður hljómsveitina hins vegar hafa ráðið sig í þeirri góðu trú, að um framtíðarstarf væri að ræða. Vitnið kveður Guðjón einnig hafa sagt sér, að veitingamennirnir í Þjóðleikhúskjallaranum væru að reyna að selja hljómsveitina á aðra staði til þess að létta á útgjöldum fyrir sjálfa sig. Kveður vitnið Svavar Gests, sem þá hafi verið formaður Félags íslenzkra hljómlistarmanna, hafa kannað, hvort eitthvað væri hæft í því, að veitingamennirnir væru að reyna að selja hljómsveitina á aðra staði, og hafi hann í því sambandi talað við Konráð Guðmundsson, veitingamann á

Hótel Sögu, og hafi Konráð viðurkennt, að veitingamenn Þjóðleikhúskjallarans hefðu boðið honum hljómsveitina í júlímánuði umrætt sumar, en hann hafi hins vegar boðizt til þess að taka hljómsveitina í ágústmánuði, en þá hafi veitingamennirnir talið, að þeir yrðu byrjaðir aftur í Þjóðleikhúskjallaranum. Vitnið segir, að þeir hafi litið svo á, hann og Svavar, að með tilraunum hinna stefndu til þess að selja hljómsveitina hafi þeir viðurkennt greiðsluskyldu sína. Hinn 29. ágúst umrætt sumar kveðst vitnið hafa farið með hljómsveitarstjóranum, Guðjóni Pálssyni, og rætt við Inga B. Ársælsson, annan hinna stefndu, og þar hafi Ingi viðurkennt að hafa ráðið hljómsveitina með 17 klukkustunda tryggingu á viku, sem hún hafi átt að inna af hendi á 4 dögum vikunnar, en þar sem hann hafi viljað halda hljómsveitinni, hafi hann beðið um, að tryggingin yrði lækkuð niður í 10 tíma á viku, sem inntir væru af hendi á tveimur dögum. Vitnið segir, að hinn 6. september 1967 hafi það farið með Guðjóni Pálssyni til Bjarna Bender og þar hafi Bjarni ekki neitað réttmæti kaupkraftna hljómsveitarinnar og hafi Bjarni þá haft samband við Inga B. Ársælsson símleiðis og hafi Bjarni haft það eftir Inga, að hann skildi vel sjónarmið hljómsveitarmanna í sambandi við kaupkröfurnar, en hljómsveitin yrði að sækja það eftir öðrum leiðum. Vitnið kveður Bjarna í þetta sinn hafa sagt, að hann hefði getað selt hljómsveitina á Hótel Sögu í ágústmánuði og tvo mánuði á veitingahúsið Röðul og sparað sér þar með útgjöld. Enn fremur kveður vitnið Bjarna hafa sagt, að viðgerðin hefði alltaf dregizt frá viku til viku fram yfir það, sem þeir hefðu í upphafi búizt við. Þá segir vitnið, að næsta dag, þ. e. 7. september, hafi þeir aftur hitt Bjarna Bender og hafi hann þá viðurkennt, að þeir veitingamennirnir hafi ráðið hljómsveitina allt sumarið.

Ingi Björgvin Ársælsson hefur skýrt svo frá, er hann kom fyrir dóm í máli þessu, að það hafi verið tekið fram af hálfu hinna stefndu, þegar stefnandi réð sig til þeirra, að veitingastaðnum yrði lokað að minnsta kosti mánaðartíma, og segir stefndi Ingi, að það hafi ekki verið á sínu valdi eða þeirra stefndu að hafa áhrif á tímalengd framkvæmdanna, þar sem framkvæmdir þessar hafi heyrt undir þjóðleikhússtjóra, sem hafi verið leigusali. Stefndi Ingi segir, að legið hafi fyrir bréf um lagfæringar á húsnæðinu frá heilbrigðiseftirlitinu, þar sem þess hafi verið skilyrðislaust krafizt, að umræddar lagfæringar færu fram. Segir hann, að það hafi komið skýrt fram af hálfu hinna stefndu þegar í upphafi, að hljómsveitin fengi eigi greidd laun, meðan á lagfæringum þessum stæði.

Einnig hafi verið svo um samið, að hljómsveitin hæfi aftur störf hjá stefndu að loknum umræddum lagfæringum og hafi talast svo til, að hljómsveitinni væri frjálst að leita sér annarra starfa á meðan, hvort sem væri hljómsveitarstörf eða á öðrum sviðum. Stefndi Ingi kvaðst hafa haft hönd í bagga með ráðningu hljómsveitarinnar, en þó muni hljómsveitarstjórinn fyrst hafa talað við meðstefnda Bjarna Bender, enda muni þeir hafa verið eitthvað kunnugir fyrir, en sjálfur kveðst stefndi Ingi ekki hafa þekkt hljómsveitarstjóran, Guðjón Pálsson, neitt persónulega. Hann segir, að þegar ráðning hljómsveitarinnar hafi átt sér stað, hafi þeir stefndu báðir og hljómsveitarstjórinn hitzt einu sinni, að hann telur, og kveðst hann geta bætt því við, að hljómsveitarstjórinn hafi sótt það nokkuð fast að fá þetta starf. Varðandi efni ráðningarsamningsins segir stefndi Ingi, að svo hafi verið um samið, að hljómsveitin léki fjögur kvöld í viku, meðan leikár Þjóðleikhússins stæði yfir og leikið væri í Þjóðleikhúsinu. Og kveðst hann vilja taka fram í þessu sambandi, að starfsemi Leikhúskjallarans sé ákaflega nátengd starfsemi Þjóðleikhússins. Þessi fjögur kvöld, sem um hafi verið samið, segir stefndi Ingi, hafa verið fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld. Þá kveðst hann vilja bæta því við, að ráð hafi verið fyrir því gert, að hljómsveitin væri reiðubúin að taka að sér vinnu önnur kvöld, ef vinna félli til eða tilefni gæfist. Stefndi Ingi segir, að svo hafi verið um samið, að hljómsveitin fengi greitt fyrir þá vinnu, sem hún innti af hendi, en ekki hafi verið samið um neina hámarkstryggingu fyrir hana á viku. Tekur hann og sérstaklega fram, að þegar hljómsveitin hafi unnið fjögur kvöld í viku, þá hafi það verið um það bil 17 tímar. Stefndi Ingi tekur einnig fram, að hljómsveitarstjóranum hafi verið fullkunnugt, hvers eðlis vinnan væri, eða mátt vera það, þar sem hann muni áður hafa starfað við hljóðfæraleik í Leikhúskjallaranum. Stefndi Ingi tekur fram, að Leikhúskjallarinn hafi verið opnaður að viðgerð lokinni, eins fljótt og frekast hafi verið kostur á, og hafi það verið gert með undanþágu, þar sem ekki hafi verið lokið endanlega frágangi á salernisskálum. Hann segir, að Leikhúskjallarinn hafi verið opnaður 7. september um haustið 1967, en þá hafi Þjóðleikhúsið ekki verið byrjað starfsemi sína og hafi þá verið haft opið aðeins þrjú kvöld í viku, meðan svo hafi verið, en að öðru leyti hafi starfsemi Þjóðleikhúskjallarans verið með eðlilegum hætti. Stefndi Ingi segir, að þeir stefndu hafi frekar gert ráð fyrir því, að lagfæringin tæki skemmri tíma en raun hafi orðið á, en hann kveðst

vilja ítreka það, að þeir hafi ekki haft neina aðstöðu til að hafa áhrif á gang framkvæmdanna, enda þótt þeir hafi rekið á eftir framkvæmdum við þjóðleikhússtjóra, eins og aðstæður hafi leyft, svo og við aðra þá, sem með viðgerðirnar hafi haft að gera. Stefndi Ingi gerir þær athugasemdir, eftir að honum hafði verið kynnt málavaxtalýsing stefnanda svo og framburður hljómsveitarstjórans, að hljómsveitarstjóranum hafi verið kunnugt um það þegar í upphafi, að húsinu yrði lokað um tíma vegna lagfæringa. Þá segir stefndi Ingi og, að stefnanda hafi verið gert ljóst í upphafi ráðningar, að ekki yrði um neinar kaupgreiðslur að ræða, meðan húsinu væri lokað. Tekur hann fram, að í sumum veitingahúsum sé venja að ráða hljómsveit aðeins frá degi til dags, og megi m. a. af því sjá, hvílík fjarstæða það hafi verið að ráða hljómsveit á fullu kaupi tiltekinn tíma, meðan engin starfsemi hafi átt sér stað í veitingahúsinu og þar af leiðandi engar tekjur. Stefndi Ingi segir, að tímakaup það, sem samið hafi verið um við stefnendur, hafi verið hærra en kjarasamningar Sambands veitinga og gisti-húsaeigenda og Félags íslenzkra hljóðfæraleikara hafi gert ráð fyrir á þeim tíma. Tekur hann og fram, að hann telji, að ekki hafi í þessu tilfelli verið um svo frábæra starfskrafta að ræða, að raunverulega væri tilefni til að greiða þeim hærra kaup en öðrum. Kveðst hann því líta á þessar greiðslur til þeirra sem ívilnun, enda hafi hljómsveitin ekki verið búin að geta sér neitt orð sem slík. Stefndi Ingi tekur fram, að allan þann tíma, sem hér um ræðir, hafi verið alveg örðugleikalaust að ráða hljómsveitir, enda hafi verið verulegt framboð á þeim á þessum tíma. Stefndi Ingi viðurkennir, að rétt sé, að þeir stefndu hafi gert tilraunir til þess að fá inni fyrir hljómsveitina, á meðan á lokun Leikhúskjallarans stæði, án þess þó að hann teldi þá stefndu á nokkurn hátt skuldbundna til þess, og telur stefndi þetta einungis hafa verið af velvilja gert. Þá segir stefndi Ingi, að launa-kröfur af hálfu stefnanda fyrir þann tíma, sem lokað hafi verið veitingahúsinu, hafi ekki verið hreyft, fyrr en örfáum dögum áður en opnað var. Stefndi Ingi segir, að í viðræðum þeim, sem farið hafi fram milli hans og hljómsveitarstjórans og fulltrúa F. Í. H., hafi stefnandi, Guðjón Pálsson, látið í ljós, að honum þætti þetta ekki nægilega mikil vinna, en stefndi kveðst hafa gert honum fulla grein fyrir því, að starfsemi Leikhúskjallarans yrði með þessum hætti, jafnframt sem hann hafi gefið honum kost á því, sem áður hafi verið ráð fyrir gert, að annast hljómsveitarstörf í Leikhúskjallaranum innan þess ramma, sem stefndi kvaðst mundu

ákveða, eftir því sem tilefni gæfist til. Stefndi kveðst vilja taka fram til skýringar á framanrituðu, að rekstur hússins sé með þeim hætti, að aðra daga, t. d. þriðjudaga og miðvikudaga, komi fyrir, að samkvæmi séu haldin í húsinu, þar sem hljómsveitin leiki, t. d. frá klukkan 0900—0100 eða 0200. Þá tekur stefndi Ingi fram, að eftir viðræður þær, sem fram hafi farið við hljómsveitarstjórnann, hafi hann orðið þess var, að viðhorf hans hafi verið mjög einhliða, sem hafi komið m. a. fram í því, að hann hafi haft uppi óbilgjarnar og óraunhæfar kröfur, en haldi sig hins vegar ekki hafa neinar skyldur við stefndu sem atvinnurekanda. Segir stefndi Ingi, að þessum viðskiptum við stefnanda hafi lokið með þeim hætti, að hann og hljómsveit hans hafi hætt störfum í Leikhúskjallaranum, og að því er stefndi segir sér virðast, af þeirri ástæðu, að hljómsveitarstjórinn hefði ekki aðstöðu til að ákvarða sjálfur sinn vinnutíma og í rauninni rekstrarfyrirkomulag hússins. Stefndi Ingi segir, að lagfæring sú, sem fram hafi farið á veitingahúsinu í umrætt sinn, hafi verið umfangsmikil, en upphaflega, þegar þeir stefndu hafi rætt við þjóðleikhússtjóra um lagfæringar þær, sem staðið hafi fyrir dyrum, þá hafi verið ráð fyrir gert, að framkvæmdir mundu taka einn mánuð. Raunin hafi hins vegar orðið sú, að framkvæmdirnar hafi staðið yfir í 9 vikur. Stefndi Ingi tekur fram, að aldrei hafi orðið neitt samkomulag á milli hans og Sverris Garðarssonar.

Stefndi Bjarni Bender Róbertsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu eftir að hafa staðfest málavaxtalýsingu í greinargerð á dskj. nr. 4, að tímakaupið sé rétt tilgreint af hálfu stefnanda, en hins vegar hafi stefnandi ekki verið tryggð nein lágmarkskauptrygging á viku, en á þeim tíma, sem ráðning hljómsveitarinnar hafi farið fram, hafi yfirleitt verið um 17 klukkustunda vinnu að ræða á viku og stundum meira. Hafi og verið rætt um, að stefnandi nyti þeirrar vinnu, sem til félli, auk framangreindra fjögurra daga, sem opið hafi verið. Stefndi Bjarni Bender segir, að stefnanda hafi verið gert það ljóst þegar við ráðningu, að veitingahúsinu yrði lokað um tíma, þar sem lægi fyrir bréf frá heilbrigðisyfirvöldum, þar sem krafist væri lagfæringa að viðlagðri lokun. Segir stefndi Bjarni Bender, að þó hafi komið til tals að reyna að komast hjá lokun, ef hægt væri, en það hafi komið á daginn hins vegar, að það væri óumflýjanlegt að loka um tíma, meðan lagfæring færi fram. Um mánaðamót máí - júní segir stefndi Bjarni Bender, að þeir stefndu hafi aftur haft tal um þetta við stefnanda með það fyrir augum að

segja hljómsveitinni upp með mánaðarfyrirvara, þar sem séð hafi verið, að ekki yrði komið hjá því að loka veitingastaðnum um sinn af áðurgreindum orsökum. Segir stefndi Bjarni Bender, að hljómsveirastjórinn, Guðjón Pálsson, hafi þá sagt, að það kæmi sér mjög illa að fá uppsögn, þar sem hann væri tiltölulega nýráðinn í húsið og búinn að ráða menn úr öðrum hljómsveitum til sín, og hafi þá orðið að samkomulagi, að stefnanda yrði ekki sagt upp og gagnkvæmur skilningur kæmi til, er til lokunar kæmi og hljómsveitin byrjaði aftur, þegar opnað yrði á ný. Segir stefndi Bjarni Bender, að komið hafi til tals, að báðir aðiljar reyndu að útvega stefnanda vinnu, þ. e. hljómsveitinni, á meðan á lokun veitingahússins stæði, og kveðst hann hafa reynt það, en þó án allra skuldbindinga, en það hafi ekki tekizt. Kveðst stefndi Bjarni Bender í þessu sambandi hafa hringt út á land og leitað fyrir sér með vinnu fyrir hljómsveitina og einnig hér innanbæjar. Hins vegar kveður hann aldrei hafa komið til greina, að stefnandi fengi greitt kaup frá stefndu þann tíma, sem lokað væri vegna viðgerðarinnar. Stefndi Bjarni Bender segir, að hann hafi ekki vitað neitt, hvað lagfæring á Leikhúskjallaranum tæki langan tíma, en hann segir, að talað hafi verið um einn mánuð. Stefndi Bjarni Bender segir, eins og áður sé komið fram, hafi aldrei komið til, að stefnandi fengi neinar greiðslur frá hinum stefndu, meðan Leikhúskjallaranum væri lokað vegna viðgerðanna. Hins vegar segir hann, að hljómsveitarstjórinn, Guðjón Pálsson, hafi komið til sín á þeim tíma, sem lokað var, og tjáð sér, að hljómsveitarmenn væru fávana, og leitað fyrir sér um, hvort stefndu vildu greiða þeim eitthvað sem fyrirframgreiðslu, er kæmi til frádráttar, þegar þeir hæfu störf að nýju, eftir að opnað væri. Kveðst hann hafa svarað þessari málaleitan hljómsveitarstjórans neitandi, þar sem enginn rekstur væri í veitingahúsinu. Stefndi Bjarni Bender segir, að þeir stefndu hafi gert það, sem í þeirra valdi hafi staðið, til þess að framkvæmdum í Leikhúskjallaranum yrði hraðað, eins og hægt væri, þannig að hægt væri að opna sem fyrst á ný. Hann segir, að það sé rétt, að þeir stefndu hafi orðið að takmarka rekstur veitingahússins við tvö kvöld í viku, fyrst eftir að opnað hafi verið á ný í september, enda hafi þá Þjóðleikhúsið ekki verið tekið til starfa að loknu sumarleyfi. Tekur hann fram, að það hafi verið að sjálfsögðu þeirra stefndu að ákveða rekstrarfyrirkomulag veitingahússins, enda hafi hljómsveitin alltaf fengið greidda þá vinnu, sem þeir hafi unnið, enda hafi þeir leikið meira en þessa tvo föstu daga, sem áður séu nefndir. Stefndi Bjarni

Bender kveðst munu hafa átt frumkvæðið að því að tala við hljómsveitarstjórnann, Guðjón, um það, að þá stefndu kæmi til með að vanta músik í Leikhúskjallarann, og síðan hafi það þróast á þann veg, að Guðjón hafi ráðið sig hjá þeim stefndu með hljómsveit sína.

Hefur nú verið rakið það helzta, sem fram hefur komið við aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur í málinu.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar sem hér segir:

1. Laun fyrir vinnuvikurnar 3/7—3/9, 9 vikur, kr. 20.995.00 pr. viku	kr. 188.995.00
2. Eftirstöðvar vinnulauna fyrir vinnuvikurnar 4/9—17/9, 2 vikur, kr. 4.322.50 pr. viku	— 8.645.00
	Kr. 179.600.00
3. Bótakrafa vegna samningsrofa	
a. Umsamin laun fyrir vinnuvikurnar 18/9—29/10, 6 vikur, kr. 20.995.00 pr. viku, samtals kr. 125.970.00	
b. Frá dragast tekjur hljómsveitar- innar af hljóðfæraleik 21/9—1/11, kr. 47.780.00	kr. 78.190.00
	Samtals kr. 275.790.00

Eins og þegar er komið fram, reisir stefnandi dómkröfur sínar í máli þessu á því, að um samningsrof hafi verið að ræða af hálfu hinna stefndu, og eigi hann því bótakröfu á hendur þeim vegna þess tjóns, sem hann hafi af því beðið. Samið hafi verið munnlega um það, að ráðningartímabilið skyldi vera 6 mánuðir, þ. e. frá 1. maí til 1. nóvember, en ráðningarkjörin þau, að laun hljómsveitarinnar skyldu vera kr. 1.235.00 á klukkustund (að meðtöldu orlofi o. fl.) og hljómsveitinni tryggð að minnsta kosti 17 klukkustunda vinna á viku, sem innt skyldi af hendi á fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöldum. Kauptrygging hljómsveitarinnar hafi þannig verið kr. 20.995.00 á viku. Þennan samning hafi hinir stefndu vanefnt með því að neita að greiða stefnanda fyrir þann tíma, sem Leikhúskjallaranum hafi verið lokað á samningstímanum, og draga síðan af kaupinu, eftir að opnað var á ný, en enginn fyrirvari hafi verið gerður af hálfu

hinna stefndu um, að lokað yrði og að greiðslur til stefnanda féllu niður á meðan eða lækkuðu af þeim sökum.

Hinir stefndu reisa hins vegar sýknukröfu sína á því, að stefnanda hafi þegar í upphafi verið tjáð, að Þjóðleikhúskjallaranum yrði lokað um mánaðamótin júní - júlí vegna viðgerða og breytinga á húsnæðinu, en sú viðgerð tæki eigi skemmri tíma en mánuð. Hafi orðið að samkomulagi, að hljómsveitin tæki eigi laun fyrir þann tíma, sem lokað yrði, heldur fengi hún aðeins greitt fyrir þá vinnu, sem hún innti af hendi, og ekki hafi verið samið um neina lágmarkstryggingu fyrir hana á viku.

Hljómsveitin hafi fengið alla þá vinnu, sem hún hafi innt af hendi fyrir stefndu, skilvíslega greidda og eigi því engar kröfur á hendur hinum stefndu í máli þessu.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, er ekki ágreiningur um lengd upphaflegs ráðningartíma, það er 6 mánuði. Hins vegar greinir aðilja á um eftirgreind atriði:

1. Hvort stefnanda hafi verið það ljóst, þegar við upphaf ráðningartímans, að gera mætti ráð fyrir eins mánaðar hléi (eða lengra) án launa.

2. Hvort samið hafi verið um lágmarkskauptryggingu.

Eins og þegar er fram komið, var ekki gerður neinn skriflegur samningur um ráðningu þá, sem mál þetta er risið af, heldur samið munnlega.

Samkvæmt vottorðum á dskj. nr. 5 og nr. 8, sem ekki hefur sérstaklega verið mótmælt, sögðu allir meðlimir hljómsveitarinnar upp föstum störfum í hljóðfæraleik í öðrum veitingahúsum, þegar þeir réðu sig til hinna stefndu. Gegn eindregnum mótmælum stefnanda, sem studd eru með framburði vitnisins Sverris Garðarssonar, þykja stefndu eigi hafa fært sönnur að þeirri staðhæfingu sinni, að svo hafi samizt, að stefnandi nyti eigi launa allt samningstímabilið. Hið sama gildir, að því er tekur til staðhæfingar hinna stefndu um það, að eigi hafi verið um neina lágmarkskauptryggingu samið.

Stefnandi hefur dregið frá kröfum sínum í málinu laun fyrir hljóðfæraleik, sem hann hefur fengið frá öðrum aðiljum á samningstímabilinu, eftir að hann hætti hjá hinum stefndu. Þykir því bera að taka kröfur hans, sem ekki hefur verið mótmælt tölulega, til greina að fullu, þó þannig, að vextir ákveðast 7% ársvextir.

Eftir þessum úrslitum ber því að dæma hina stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Bjarni Bender og Ingi B. Ársælsson, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan persónulega og vegna einkafyrirtækis síns, Þjóðleikhússkjallarans (sic), stefnanda, hljómsveit Guðjóns Pálssonar, kr. 275.790.00 með 7% ársvöxtum af kr. 197.600.00 frá 15. september 1967 til 12. janúar 1968 og sömu ársvöxtum af kr. 275.790.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 50.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. febrúar 1973.

Nr. 123/1972: Björn Halldórsson

(Sigurður Gizurarson hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Söluskattur.

Dómur Hæstarétts.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. október 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Kreft hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 9.689.00 með 8% ársvöxtum frá 20. október 1970 til greiðsludags og málskostnað í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 10. apríl 1972.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt málflutningi krefur áfrýjandi stefnda um endurgreiðslu á viðbót við söluskatt, sem áfrýjanda var gert að